Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 165/1996. **Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni
(sjálfur)
og gagnsök

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1996. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. maí 1996. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er varðar úthlutun vaxta á stofnsjóðsinnstæður, það er, að miða beri við framreiknaðan og endurmetinn stofnsjóð. Hann krefst einnig staðfestingar héraðsdóms á því, að ógild sé gagnvart sér breyting sú, sem gerð var 28. apríl 1995 á 11. mgr. 7. gr. samþykkta aðaláfrýjanda um, að eignarhluta í félögum skuli meta til eignar á nafnverði. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að úthlutun arðs í formi afsláttar árið 1994, að fjárhæð 15.495.458 krónur, verði dæmd ólögleg, og til vara, að hlut hans í arðinum skuli greiða honum samkvæmt eignarhluta hans í aðaláfrýjanda. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Faðir gagnáfrýjanda, Guðmundur Guðfinnsson, var meðal stofnenda Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis í október 1938, en upphaflegur tilgangur félagsins var aðallega að útvega félagsmönnum olíu á sannvirði. Guðmundur Guðfinnsson andaðist 2. júlí 1987. Gagnáfrýjandi og tvær systur hans, sem veitt hafa honum umboð til þessara málaferla, eru erfingjar að hluta föður síns í félaginu. Deilt er um það, hvers eðlis þetta félag sé. Ágreiningur er um úthlutun arðs, sem samþykkt var á aðalfundi aðaláfrýjanda 28. apríl 1995

vegna rekstrarársins 1994, svo og útreikning vaxta á hluti samlagsmanna í stofnsjóði. Þá er einnig ágreiningur um gildi aðalfundarins og gildi breytinga, sem gerðar voru á samþykktum félagsins. Endanlegar dómkröfur gagnáfrýjanda í héraði, sem voru í sjö liðum, eru teknar orðrétt upp í héraðsdómi. Hér fyrir dómi er rekið annað mál milli aðila vegna rekstrarársins 1993, mál nr. 164/1996, en því máli var ekki gagnáfrýjað. Gagnáfrýjandi hefur lagt fram í Hæstarétti eina greinargerð fyrir bæði þessi mál.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta aðaláfrýjanda geta þeir einir verið félagsmenn, sem reka útgerð og aðra starfsemi, þar sem olíuvörur eru notaðar við reksturinn, og eiga heimili í Keflavík og nágrenni. Starfsemi félagsins takmarkast nú ekki við útvegun á vörum til þessara manna, heldur rekur það einnig víðtækari þjónustu, og hlutabréf í öðrum félögum eru verulegur hluti eigna þess. Um þetta og þróun starfseminnar skortir markvissar upplýsingar. Svo virðist sem faðir gagnáfrýjanda hafi í engum viðskiptum verið við aðaláfrýjanda um árabil fyrir andlát sitt, og gagnáfrýjandi er ekki viðskiptamaður þess. Ekki liggur ljóst fyrir, hvernig félagsaðild og réttindum gagnáfrýjanda og annarra óvirkra félagsmanna er háttað.

Kröfugerð gagnáfrýjanda í máli þessu er óljós og flókin og erfitt að henda reiður á samhengi málsástæðna. Hefur héraðsdómur teygt sig langt til þess að skýra kröfurnar og leggja á efnisdóm. Í málinu er um mörg erfið álitaefni að ræða, sem hafa ekki verið skýrð og geta varðað marga miklu. Kröfugerð gagnáfrýjanda er andstæð meginreglum réttarfars um skýran málatilbúnað, sbr. e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.